

ÁNASTAÐIR í Borgarbyggð

Ánabakki 13, landnr: 211380

Deiliskipulag

Mars 2015, endsk: apríl 2015

Drög 2

Skilmálar:

- 1.gr. Deiliskipulagið er í samræmi við staðfest aðalskipulag Borgarbyggðar 2011 - 2022, þar sem land þetta er skilgreint sem landbúnaðarsvæði.
- 2.gr. Deiliskipulagssvæðið er yfir 10,5 ha lands og afmarkast af Þjóðvegi nr. 540 í norðri og Álftá í suðri. Landið er í um 10 m yfir sjávarmáli og er að mestu flatlend mýri og mói. Klettaás nær frá norðvestur horni svæðisins og liggur til suðausturs að miðju svæðisins.
- 3.gr. Aðkoman að svæðinu er frá Þjóðvegi nr. 540 (Hraunhreppsvegi).
- 4.gr. Á svæðinu er gert ráð fyrir tveimur byggingareitum:
Á byggingareit merktur nr. 1 er gert ráð fyrir íbúðarhúsi. Húsið má vera allt að 350 fm. Mænishæð frá jörðu má ekki vera meiri en 6 m. Þakhalli má vera 0 - 45°. Innan byggingareitsins er einnig heimilt að reisa allt að 60 fm útihús sem gæti nýst sem gestahús og/eða geymsla.
Á byggingareit merktur nr. 2 er gert ráð fyrir útihúsi, skemmu/hesthúsi. Húsið má vera allt að 500 fm. Mænishæð frá jörðu má ekki vera meiri en 6 m. Þakhalli má vera 0 - 45°.
- 5.gr. Lögð skal áhersla á að öll hús og mannvirki fari vel í umhverfi. Þau skulu vera í jarðarlitum. Byggingarefni er að frjálsu vali.
- 6.gr. Neysluvatn er fengið úr borholu á svæðinu (sjá upprátt) og skal leiða vatnið í samveitu (vatnsveitu) að húsunum. Fara skal að ákvæðum í neysluvatnsreglugerð nr. 536/01. Jafnframt skal öflun neysluvatns og frágangur við vatnsveitu vera í samræmi við leiðbeiningaritið „Litlar vatnsveitur“ sem gefið er út af Umhverfisstofnun.
- 7.gr. Farið skal eftir reglugerð 798/1999 um fráveitur og skólp. Í samræmi við það er í deiliskipulaginu gert ráð fyrir sameiginlegri rotþró fyrir bæði húsin og er hún sýnd á upprátti.
- 8.gr. Brunavarnir eru frá Brunavörnum Borgarbyggðar.
- 9.gr. Sorpgámur er á svæðinu
- 10.gr. Ef vart verður við fornleifar við uppgröft á svæðinu skal skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum svo fljótt sem unnt er.



Aðalskipulag Borgarbyggðar 2011 - 2022

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 41. gr. skipulags og byggingarlaga nr. 123/2010 var samþykkt af sveitarstjórn þann _____

